

Fræðsluráð Reykjaneshæjar

Tjarnargötu 12

230 Reykjaneshær

Mott	Reykjaneshær ABG 07.01.2020
Lykill	08.06.07
Málsnr.	2019120045
Ábm.	IBH

Reykjaneshær í janúar 2020


Efni: Ungbarnaleikskóli í Reykjaneshær

Við undirritaðar Brynja Aðalbergsdóttir kt. 110368-4539, leikskólastjóri í Vesturbergi og Halldóra Magnúsdóttir kt. 190666-3609, aðstoðarleikskólastjóri í Vesturbergi, höfum áhuga á að opna og starfa við ungbarnaleikskóla í Reykjaneshær. Undanfarið höfum við kynnt okkur málið og er óhætt að segja að viðbrögðin hafa verið afar góð hjá þeim aðilum sem við höfum rætt við. Engin ungbarnaleikskóli starfar í bæjarfélaginu og er það miður.

Meðfylgjandi er gróf verkáætlun þar sem við viðrum hugmyndir okkar með bæði fjölda barna, starfsfólks og aðstöðu. Húsnæði þarf að vera 350-400 fermetrar og þykir okkur lausar kennslustofur afar góður kostur þar sem áfram er hægt að nýta þær. Keflavík er sá staðurinn sem við höfum hug á að starfa og koma til greina svæði þar sem rólóvellir eru fyrir til dæmis við Nónvörðu eða í Eyjabyggð og þá er möguleiki að nýta útileiksvæðið sem fyrir er, með litlum breytingum.

Með tilkomu ungbarnaleikskóla í bæjarfélaginu hækkar þjónustustigið og öll getum við verið sammála um að vilja búa í bæjarfélagi sem hefur hátt þjónustustig við íbúa sína. Í stefnumótun Reykjaneshæjar 2020-2030 eru áherslur meðal annars á aukna vellíðan íbúa og að börn séu mikilvægust, sem þau sannarlega eru. Með skilvirkri og aukinni þjónustu, bjóðumst við undirritaðar til að sjá um og reka ungbarnaleikskóla í Keflavík með þjónustusamning við Reykjaneshær.

Virðingarfyllst,

Brynja Aðalbergsdóttir


Halldóra Magnúsdóttir


Verkátun Steinþrúðar ehf.

Stofnun ungbarnaleikskólans Kötlu

Áætlunin er að stofna ungbarnaleikskóla í Reykjanesbæ, gera má ráð fyrir um það bil 45 til 50 börnum en allt veltur á húsnæði. Aldur barna er 9 mánaða til 2 og hálfis árs eða frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til börnin fá dvöl í leikskólum bæjarins um tveggja ára aldur.

Ábyrgðaraðilar og eigendur eru Brynja Aðalbergisdóttir kt. 110368-4539 og Halldóra Magnúsdóttir kt. 190666-3609, leikskólakennarar, sem eiga og stýra leikskólanum saman.

Tilgangur verkefnisins er að auka þjónustu í Reykjanesbæ og veita börnum og foreldrum þeirra örugga en umfram allt góða þjónustu í leikskóla með fagfólki.

Börn

Áætlað er að 50 börn fái dvöl í ungbarnaleikskólanum Kötlu frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til að þau fá dvöl í leikskólum Reykjanesbæjar um tveggja ára aldur. Börn frá eins árs til tveggja ára eru áætluð sem tvö barngildi miðað er við að fjögurra ára börn séu til dæmis eitt barngildi. 50 eins árs börn jafngildi 100 fjögurra ára börnum.

Ef biðlisti verður í ungbarnaleikskólann Kötlu þá hafa eigendur/stjórnendur yferráð yfir 50% af biðlistanum en Reykjanesbær 50% -þar sem farið er eftir kennitölu. Boðið er upp á hámark 8,5 tíma vistun og gert er ráð fyrir 24 daga sumarleyfi.

Reglulega er lokað yfir árið í Kötlu vegna skipulagsdaga kennarar sem eru 6. Yfir sumartímamann er lokað í 24 daga vegna sumarleyfa kennara. Tímabil sumarlokunnar er auglýst með góðum fyrirvara. Lokað er á aðfangadag og gamlársdag.

Miðað er við gildandi gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem framlag Reykjanesbæjar.

Starfsfólk

Samkvæmt lögum er gert ráð fyrir einum kennara á 3-5 börn. Áætlað er að ráða 10-11 kennara í umönnun og kennslu en stjórn og yfirumsjón eru í tvö stöðugildi. Samtals 12-13 stöðugildi.

Húsnæði

Þar sem áætlun gerir ráð fyrir 50 börnum og mögulega 13 kennurum þarf húsnæði að vera öruggt og samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, eins og fram kemur í gr.6 í reglugerðinni eru útlistaðar lágmarksaðstöðu. Þar sem ekki eru tilteknir ákveðinn fermetrafjöldi má áætla að nægilegt rými væri um 350-400 fermetra húsnæði ásamt góðu útisvæði. Hugmyndin er að hafa 3 deildir þar sem 16-17 börn yrðu samtímis.

Reglugerð frá Menntamálráðuneyti frá 2009

Lágmarksaðstaða.

Til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu í leikskólum telst:

- a. deildarrými og viðeigandi aðstaða, búnaður og tækjakostur fyrir leik, nám og hvíld barna samkvæmt lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla,*
- b. rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir,*
- c. fjölnotarými til hreyfileikja, þjálfunar, listsköpunar og annarra viðburða,*
- d. aðstaða til að neyta málsverða,*
- e. aðskilin hreinlætisaðstaða fyrir börn og starfsfólk,*
- f. þurrkaðstaða fyrir fatnað barna og starfsfólks,*
- g. afmörkuð og skipulögð skólalóð með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leik- og námsaðstöðu með tilliti til mismunandi aldurshópa og þarfa, þ.m.t. þarfa fatlaðra barna,*
- h. vinnurými fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og annað starfsfólk,*
- i. setustofa fyrir starfsfólk.*

Leikur og nám


Námskrá er í vinnslu en fyrirmynd ungbarnaleikskólans er leikskólinn Vesturberg, umönnun er stór hluti af því starfi sem unnið er með svo ung börn. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni verður leiðarljósið í starfi ungbarnaleikskólans Kötlu. Daglegar venjur og umönnun verða stór hluti af starfinu og má segja að umönnun sé fólgin í því að

annast börnin líkamlega, andlega með hlýju, áhuga og ábyrgð. Lögð er áhersla á að skapa góð tilfinningartengsl og trúnaðartraust á milli barna, foreldra og kennara Kötlu.

Hugmyndin er að skipta ungbarnaleikskólanum upp í svæði þar sem hvert svæði hefur ákveðið uppeldislegt markmið, kennarar leggja áherslu á að vera til staðar fyrir börnin veita þeim umhyggju, aðstoð og öryggi. Grunnþættir og námsþættir Aðalnámskrár leikskóla er höfð til hliðsjónar á öllum svæðum leikskólans. Aðaláhersla verður á að efla málproska, hreyfiproska og tilfinningaproska.

Drög að verkáætlun ungbarnaleikskólans Kötlu.

Brynja Aðalbergsdóttir



Halldóra Magnúsdóttir

